



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
forseta Þýskalands
Joachim Gauck
Berlín
25. júní 2013**

Virðulegi forseti
Joachim Gauck og frú Daniela Schadt
Heiðruðu gestir

Við Íslendingar þökkum hér í kvöld vináttu og samstarf, minnumst vegferðar sem um aldir tengdi þjóðirnar saman, allt frá árdögum Íslandsbyggðar til umróts hinnar nýju aldar; vegferð vörðuð tímamótum í listum, menningu, menntun og viðskiptum.

Hin evangelíska lúterska kirkja, sem þér þjónuðuð fyrrum, virðulegi forseti, varð í kjölfar kennisetninganna frá Wittenberg þjóðkirkja Íslendinga, vettvangur tilbeiðslu og skáldskapar, hollvinur tungumálsins, bjargið sem bar um aldir samfélag bænda og sjómanna í harðri glímu við náttúruöflin; ferðabænin ávallt upphafið þegar ýtt var úr vör á opnum árabátum og haldið út á úfið haf.

Reyndar voru það þýskir kaupmenn sem færðu Íslendingum hina fyrstu lútersku kirkju og var hún reist í Hafnarfirði; minnisvarðinn sem fyrirrennari yðar, Johannes Rau, afhjúpaði í heimsókn sinni til Íslands 2003 vitnar um þau merku tengsl.

Þegar skólahald var á Bessastöðum á fyrstu áratugum nítjándu aldar hrifu þýsku skáldin hina ungu sveit, efldu glæður frelsisþrár og ættjarðarástar sem síðar varð drifkraftur baráttunnar fyrir fullu sjálfstæði Íslendinga.

Bessastaðir, nú aðsetur forsetans þar sem við getum vonandi innan tíðar fagnað yður og frú Daniela Schadt, voru líka meðal bújarða Snorra Sturlusonar, eins mesta höfundar evrópskra miðalda, ritsnillings sem

færði menningu álfunnar skáldskaparfræði Eddu, sögurnar um konunga Noregs og fleiri kapp, jók við fjársjóðinn sem síðar nýttist Wagner og öðrum þýskum jöfrum skáldskapar og tónlistar. Íslenskar miðaldabókmenntir og það sérstæða samfélag sem fósttraði þær varð viðfangsefni fjölmargra og merkra þýskra vísindamanna sem ruddu brautir í rannsóknum og útgáfum.

Bókmenntirnar, sögur og ljóð fyrri alda, voru hornsteinn íslenskrar menningar og Þýskaland hefur ríkulega tengst þróun þeirra á síðari tímum. Í Leipzig mun ég afhjúpa minningarskjöld um Jóhann Jónsson, skáldið sem ásamt Halldóri Laxness, Gunnari Gunnarssyni og fleirum sótti innblástur og áhrif til Þýskalands. Og ekki skulum við gleyma honum Nonna, drengnum frá Akureyri sem varð pater Jón Sveinsson; grafinn í Köln; frægur í fjölda landa fyrir sögurnar um æskuslóðir; en bók um ævi hans hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin á liðnu ári.

Það var Íslendingum því mikil gleði að land okkar var valið í heiðursmess Bókasýningarinnar miklu í Frankfurt árið 2011. Þar fögnuðum við einnig útkomu fjölda íslenskra nútímaverka á þýsku og glöddumst yfir velgengni ungra höfunda. Á þessu heiðursári komu út yfir 200 bækur af ólíkum toga, þýddar úr íslensku eða frumsamdar af þýskum höfundum um Ísland. Þótt alþjóðleg matsstofnun hafi nýlega skipað Íslandi efst á lista yfir friðsælustu samfélög veraldar hafa milljónir Þjóðverja notið frábærra glæpasagna Arnaldar Indriðasonar sem sprotnar eru einmitt úr þeim jarðvegi.

Við Íslendingar erum líka þakklátir fyrir menntunina sem frumkvöðlar íslenskrar tónlistar, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Jón Leifs og Páll Ísólfsson, fengu í Þýskalandi og metum mikils að fjöldi þýskra óperuhúsa heldur áfram að sækja liðsauka til ungra íslenskra söngvara. Eins er um önnur svið – Berlín nú á vissan hátt önnur höfuðborg íslensks listalífs með Ólaf Elíasson í fararbroddi; nutum í gærkvöldi fróðlegra samræðna í verkstöð hans.

Um leið og Þýskaland hefur verið eitt helsta viðskiptasvæði Íslendinga hefur framlag Þjóðverja til mótunar íslenskrar nútímamenningar verið svo margslungið að þræðirnir fléttast í ótal myndir. Og ekki einvörðungu á vettvangi mannvísinda og lista því brautryðjendur verkfræði og raunvísinda á Íslandi sóttu líka vegarnesti til þýskra háskóla og rannsóknarsetra.

Kjölfesta menningar og viðskipta hefur og styrkt samstarf okkar á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi – innan Atlantshafsbandalagsins, Evrópskra efnahagssvæðisins og fjölda annarra samtaka. Ásamt öðrum þjóðum Evrópu njótum við þess að friður og farsæld hafa á undanförunum

áratugum gert álfuna að öflugu framfarasvæði þótt um þessar mundir sé við mörg vandamál að glíma og óvissan ríkari en oft áður.

Brýn verkefni blasa við á öðrum sviðum og ber þar hæst hið nýja mikilvægi Norðurslóða, bæði vegna breytinga á loftslagi heimsins, fjölþættra auðlinda sem þar er að finna og nýrra siglingaleiða um norðurhöf til Asíu.

Norðurskautsráðið, sem við Íslendingar stofnuðum ásamt öðrum norrænum ríkjum, Bandaríkjunum, Rússlandi og Kanada, hefur nýlega gerst vettvangur þar sem Þýskaland og fleiri ríki á meginlandi Evrópu sem og Kína, Japan og Indland ásamt öðrum ríkjum í Asíu munu framvegis eiga fulltrúa. Samræða og samstarf um framtíð Norðurslóða er því nýr burðarás í tengslum Íslands og Þýskalands; verkefnin fjölmörg á sviðum vísinda, rannsókna og viðskipta.

Á fimmtudaginn heimsæki ég Bremenhöfn sem í samstarfi við íslenskar hafnir gæti orðið traustur hlekkur í nýrri keðju vöruflutninga í norðri sem mun tengja Evrópu við Asíu á nýjan hátt.

Bráðnun heimskautaíssins minnir okkur líka á nauðsyn þess að hrein orka fái aukið vægi í efnahagskerfi Evrópu og allrar veraldar. Við Íslendingar bjóðum fram tækniþekkingu, verkfræðikunnáttu og reynslu, einkum við nýtingu jarðhita, í því skyni að greiða Þýskalandi og öðrum ríkjum á meginlandi Evrópu leiðina að nýju, sjálfbæru orkukerfi. Samstarf á þessu sviði gæti víða í álfunni skipt miklu. Þau skilaboð munum við flytja skýrt með sérstöku málþingi á morgun.

Norðurslóðir, loftslagsbreytingar, sjálfbær orka eru meðal helstu dagskrárefna hinnar nýju aldar og í þeim efnum bíður okkar, Þjóðverja og Íslendinga, fjöldi ögrandi viðfangsefna; ríkuleg tækifæri en líka vísbendingar um siðferðilegar skyldur sem við berum öll gagnvart komandi kynslóðum og jörðinni.

Menningin, trúin og sagan hafa um aldir tengt okkur saman; skópu okkur gott veganesti.

Við færum yður, virðulegi forseti, og þýsku þjóðinni þakkir og vináttu Íslendinga, óskir um farsæla samleið á framtíðarbraut.

Í anda þess bið ég gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs forseta Þýskalands, Joachim Gauck, og frú Daniela Schadt og til heilla ævarandi vináttu þjóða okkar.